



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 135/900
komudagur 10.12.2007

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

10. desember 2007

Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, 43. mál

Frumvarpið gerir ráð fyrir að það skilyrði verði sett fyrir virkjanaleyfi raforkuvera að orkuverð og aðrir samningsskilmálar sem leyfishafi gerir við kaupendur orkunnar séu opinberir og öllum aðgengilegir.

Oft er gagnrýnt að trúnaður skuli ríkja um hvert raforkuverðið nákvæmlega sé í samningum íslenskra orkufyrirtækja vegna stóriðju. Þessi gagnrýni er kannski skiljanleg í því ljósi að orkufyrirtækin eru nær alfarið í eigu opinberra aðila. Í þessari umræðu gleymist þó oft að mörg íslensk fyrirtæki eru sömuleiðis með samninga við orkufyrirtækin um raforkukaup. Innihald þessara samninga er eðli málsins samkvæmt ekki öllum aðgengilegt á samkeppnismarkaði.

Almenna reglan í rekstri fyrirtækja er sú að gerðir eru samningar við önnur fyrirtæki sem trúnaður ríkir um. Ástæðan er einföld og snýr að samningsstöðu fyrirtækjanna við aðra sambærilega viðskiptavini í nútíð og framtíð. Þótt raforkufyrirtækin séu að mestu í opinberri eigu eru þau engu að síður rekin á samkeppnisgrunni og starfa á samkeppnismarkaði. Trúnaður um ákveðin atriði raforkusölusamninga getur þess vegna verið bæði fyrirtækjunum og eigendum þeirra í hag. Sjálfst verðið á hins vegar ekki að skipta eigendum meginmáli, heldur arðsemin. Um hana höfum við greinargóðar upplýsingar frá þessum fyrirtækjum, m.a. sérgreindar vegna raforkusölu til stóriðju.

Samorka leggst gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri